

8.gr. Í 3. Málsgrein, verður enn heimilt að veita leyfi fyrir einu barni til viðbótar eða verður strax í upphafi heimilt að veita leyfi fyrir 5 börn þar sem ætlast er til að dagforeldri sé búið með dagforeldranámskeið? Ef skyndihjálpanámskeið séu ekki í boði á þeim tíma sem einstaklingur sækir um daggæsluleyfi frestast þá afgreiðsla þar til hann hefur setið námskeiðið?

9.gr. eru 9 tíma viðmið um gæslu barna á dag eðlileg miða við þær rannsóknir sem liggja fyrir er varðar tengslamyndun við foreldra.

13.gr. Ef umsækjandi er með uppeldismenntun, mun hann fá sjálfkrafa leyfi fyrir 5 börn? (2.hluti) Gæða- og eftirlitsstofnun ætti að koma inn í stað félagsmálanefndar. (3.hluti) Ef upp koma veikindi dagforeldris sem eru þess eðlis að svipta þurfi dagforeldri leyfi, hvernig er staðið að því og hver tekur þá ábyrgð? Hver skaffar neyðarhnapp, greiðir fyrir hann og hver svarar og er til taks? Er það einhver sem hefur þekkingu á daggæslu?

Neðst í 13.gr. eru tóbaksreykingar tilgreindar en að okkar mati ætti að taka fram að nicotínneysla og aðrir vímugjafar með öllu óheimilaðar á heimilinu meðan á dagvistun barna stendur.

14.gr. neðsta málsgrein, ætti Gæða- og eftirlitsstofnun ekki að óska eftir sakavottorði þegar nýr einstaklingur yfir 15 ára aldri flyst á heimilið. Hvernig verða verkferlar varðandi upplýsingar um hvort umsækjandi sé í vinnuslu barnaverndar.

15.gr. Námsflokkar Hafnarfjarðar hafa haldið námskeið fyrir verðandi dagforeldra en slík námskeið hafa verið haldin með óreglulegum hætti, hvað ef einstaklingur hefur ekki náð að fara á námskeið þar sem það hefur ekki verið haldið, eftir ár í starfi? Fær hann þá eingöngu áframhald á bráðabirgðaleyfi fyrir 4 börn eða bætist 5. við?

18.gr. skoða þarf þessa grein í heild sinni, með tilliti til þess umsækjandi geti óskað eftir rökstuðningi að hálfu félagsmálanefndar- ætti að vera G og E, og ætlar G og E að taka þá mál til meðferðar að nýju? Út frá stjórnsýslulögum.

Ný 18.gr., hvað liggur til grundvallar umssögn félagsmálanefndar? Er enginn sem tekur heimili út eða umsækjanda í viðtal? Ef félagsmálanefnd á að taka umsækjanda í viðtal, gefur þá G og E staðlað viðtalsblað út til nefndanna?

Skoða vel 20.gr. Félagsmálaráðuneytið hefur ekki lagt til námsgögn og samræmda námskrá fyrir landið allt. Sveitarfélög hafa að mestu nýtt sér Námsflokka Hafnarfjarðar.

21.gr spurning í upptalningu hvort mikilvægt sé að bæta við samskiptum við foreldra og forráðamanna.

22.gr. spurning hvort ekki eigi að skoða þessa grein betur með tilliti til þess að dagforeldrar eru sjálfstæðir atvinnurekendur sem fá úthlutað starfsleyfi og ættu því kannski sjálfir að huga að endur- og símenntun.

24.gr. önnur málsgrein, er það ekki í höndum dagforeldra að ákvarða aðlögun barna? 5.málsgrein-þjónustu gæsluvalla, hvað er átt við með því?

27.gr. Hver er umsjónaraðili? Og ætti ekki að tilkynna til G og E?

31.gr. umsjónarðili- hver er það? Mætti breyta orðalagi.

35.gr. 1. Þarf mánaðarlegt yfirlit eða er nóg að þegar barn hefur vistun og í lok vistunar? Sum sveitarfélög fá niðurgreiðslublað mánaðarlega með upplýsingum um þau börn sem eru í vistun hverju sinni, spurning hvort það sé nóg? 3. Ætti G og E að sjá um viðhorfskannanir foreldra? Verður 35.gr. enn virk eins og hún birtist í fyrri lögum, það er að segja um eftirlit sveitarfélaga.

37.gr. ætti ekki Barnavernd að vera undna G og E, þar sem þeirra lög eru ofar.

38.gr. ætti að taka út félagsmálanefnd og setja G og E í staðinn.

41.gr. taka út félagsmálanefnd- ætti það ekki að vera G og E?

42.gr. við hvaða aldur ætti niðurgreiðsla að miðast við, mismunandi milli sveitarfélaga en mörg miða við fæðingarorlof svo foreldrar eigi ekki rétt á greiðslum samtímis úr tveimur kerfum.